



Uppgjör Landsbankans fyrir fyrstu þrjá mánuði ársins 2026

Fréttatilkynning 30. apríl 2026



Fréttatilkynning 30. apríl 2026

Uppgjör Landsbankans fyrir fyrstu þrjá mánuði ársins 2026

- Hagnaður Landsbankans á fyrstu þremur mánuðum ársins 2026 nam 11,2 milljörðum króna eftir skatta, samanborið við 7,9 milljarða króna hagnað á sama tíma í fyrra.
- Arðsemi eiginfjár var 13,5% samanborið við 10,0% á sama tímabili árið áður.
- Virðisrýrnun útlána og krafna eykst talsvert og endurspeglar dekkri horfur vegna hárra vaxta og verðbólgu innanlands en jafnframt aukna óvissu á alþjóðavettvangi.
- Hreinar vaxtatekjur voru 20,6 milljarðar króna og hreinar þjónustutekjur voru 3,2 milljarðar króna.
- Vaxtaálag á íbúðalán m.v. stýrivexti Seðlabanka Íslands er lægst 1,25 prósentustig fyrir fasta vexti í 12 mánuði.
- Vaxtamunur sem hlutfall af meðalstöðu heildareigna sveiflast og er nú 3,5% en var 2,7% fyrir sama tímabil í fyrra. Gert er ráð fyrir að vaxtamunur ársins í heild verði 3,0%.
- Á fjórðungnum hóf Landsbankinn að bjóða tryggingar fyrir einstaklinga og fjölskyldur í samvinnu við TM sem sér áfram um tjónaþjónustu, enda hefur sú þjónusta verið einn helsti styrkur félagsins. Viðtökurnar hafa verið framar vonum.
- Afkoma af váttryggingarsamningum var 540 milljónir króna. Samsett hlutfall TM var 93,7% á fyrstu þremur mánuðum ársins 2026.
- Kostnaðarhlutfall samstæðunnar var 30,3%, samanborið við 38,7% á sama tímabili árið 2025. Hlutfallið lækkar þar sem tekjur aukast en kostnaður helst stöðugur.
- Reiknaður tekjuskattur var 4,4 milljarðar króna samanborið við 3 milljarða króna á sama tímabili árið áður. Aukningin nemur um 46%.
- Eiginfjárlutfall í lok tímabilsins var 24,8% en fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands gerir heildarkröfu um 20,3% eiginfjárgrunn.
- Markaðshlutdeild færsluhirðingar Landsbankans, sem var hleypt af stokkunum árið 2023, heldur áfram að vaxa og var 27% í lok fjórðungsins. Um 80 nýir viðskiptavinir bættust við á tímabilinu.
- Þann 11. febrúar 2026 lauk Landsbankinn útboði AT1 verðbréfa í íslenskum krónum sem telja til viðbótar eiginfjárpáttar 1 (Additional Tier 1) að fjárhæð 16 milljarðar króna.
- Alþjóðlega lánshæfismatsfyrirtækið S&P Global Ratings staðfesti í mars 2026 lánshæfismat bankans sem er A-/A-2 með stöðugum horfum. Horfur á sértryggðum skuldabréfaútgáfum bankans voru endurskoðaðar úr stöðugum í jákvæðar og lánshæfismat þeirra staðfest í A+.
- Aðalfundur bankans sem var haldinn 18. mars 2026 samþykkti að greiða arð til hluthafa að fjárhæð 18,9 milljarða króna. Einnig var samþykkt sérstök arðgreiðsla að fjárhæð 16,1 milljarður króna. Arðgreiðslur vegna reikningsársins 2025 nema samtals 34,9 milljörðum króna.

Lilja Björk Einarsdóttir, bankastjóri Landsbankans, segir:

„Óvenjuhá verðbólga á fyrsta fjórðungi, 10,3% á ársgrundvelli í ár samanborið við 4,2% á sama tíma í fyrra, litar afkomuna og áhrifa verðbólgu, hárra vaxta og alþjóðlegs óróa gætir í uppgjöri bankans. Vegna aukinnar óvissu eykst framlag vegna virðisrýrnunar útlána. Við mat á virðisrýrnum lítum við til mögulegra áhrifa á heimili og helstu atvinnugreinar og færum varúðarframlag til að vera viðbúin áföllum en vanskil eru áfram lítil.

Uppgjör fyrsta fjórðungs er sterkt fyrir alla þætti í rekstri bankans. Arðsemi eiginfjár var 13,5% sem er umfram áætlun og skýrist aukningin aðallega af því að verðbólga var hærri en við gerðum ráð fyrir. Verðtryggð útlán bankans nema alls um 660 milljörðum króna en verðtryggðar skuldir eru mun lægri fjárhæð. Í verðbólgu hækkar höfuðstóll verðtryggðra lána og það kemur fram sem vaxtatekjur hjá okkur. Við reiknum með að vaxtamunur verði 3% fyrir árið í heild sinni.

Nú er um ár síðan TM bættist í samstæðu Landsbankans. Í mars kynntum við nýjar áherslur þar sem einstaklingar og fjölskyldur geta sótt tryggingaþjónustu til Landsbankans um land allt og í appi bankans. Viðskiptavinir hafa tekið því mjög vel að geta nú fengið alla fjármálaþjónustu á einum stað, hvort sem það er hefðbundin bankaþjónusta eða TM tryggingar. Sýnileiki og sala trygginga í appi er hluti af áframhaldandi öflugri þróun á stafrænni þjónustu sem hefur gert Landsbankaappið að því öflugasta á Íslandi, með flestum þjónustupáttum og aðgerðum.

Landsbankinn er sterkur útlánabanki og útlán til fyrirtækja námu 1.018 milljörðum króna í lok mars. Í uppgjörinu er fjallað um stöðu byggingarverkefna sem bankinn hefur lánað til en veðstaða þeirra er almennt góð og hefur heldur batnað undanfarin ár. Ljóst er að hátt vaxtastig hefur veruleg áhrif á öll fyrirtæki en ekki síður á þá einstaklinga og fjölskyldur sem eru að reyna að kaupa sína fyrstu íbúð eða stækka við sig, enda er erfiðara að standast greiðslumat. Þetta endurspeglast í því að íbúðalán hjá bankanum stóðu nánast í stað á fjórðungnum, íbúðir seljast hægar hjá verktökum og meira er um óbyggðar lóðir.

Samsetning nýrra íbúðalána hefur breyst mikið undanfarið ár. Nú ber svo við að nánast öll ný íbúðalán sem við veittum á tímabilinu voru óverðtryggð, enda hefur bankinn takmarkað framboð á verðtryggðum lánum en lagt í staðinn kapp á að veita hagstæðustu óverðtryggðu íbúðalánin. Munur á stýrivöxtum Seðlabanka Íslands og lægstu 12 mánaða föstum vöxtum á íbúðaláni frá Landsbankanum er 1,25 prósentustig. Stýrivextir eru 7,5% en lægstu 12 mánaða föstu vextir á íbúðaláni eru 8,75%. Um fjórðungur af nýjum íbúðalánum það sem af er ári eru með fasta vexti til 12 mánaða og um helmingur nýrra lána er á föstum vöxtum til 5 ára, sem eru 8,20%.

Það eru sannarlega góðar fréttir að verðbólga lækkaði í síðustu mælingu. Há verðbólga og hátt vaxtastig bitna á einstaklingum, fjölskyldum og atvinnulífi. Langmikilvægasta verkefnið sem við stöndum frammi fyrir er að ná tökum á verðbólgu þannig að forsendur skapist fyrir lækkun vaxta. Þannig komum við hreyfingu á efnahagslífið og búum í haginn fyrir fjárfestingar sem skapa atvinnu og tækifæri.“

Helstu atriði úr rekstri og efnahag á fyrsta ársfjórðungi (1F) 2026

Rekstur:

- Hagnaður á 1F 2026 nam 11,2 milljörðum króna eftir skatta, samanborið við 7,9 milljarða króna hagnað á sama tímabili árið 2025.
- Arðsemi eiginfjár var 13,5% á 1F 2026, samanborið við 10,0% á sama tímabili 2025.
- Hreinar vaxtatekjur voru 20,6 milljarðar króna en þær námu 14,8 milljörðum króna á sama tímabili 2025.
- Hreinar þjónustutekjur námu 3,2 milljörðum króna en voru 3,0 milljarðar króna á 1F 2025.
- Virðisrýrnun útlána og krafna nam 1,6 milljörðum króna á 1F 2026, samanborið við 331 milljónar króna virðisrýrnun á sama tímabili árið 2025. Aukningin er að hluta vegna endurmats og breytinga á vægi sviðsmynda í ljósi vaxandi óvissu í alþjóðlegu efnahagsumhverfi. Vanskil eru enn lág.
- Afkoma TM af váttryggingarsamningum var 540 milljónir króna á 1F 2026. Samsett hlutfall TM á tímabilinu var 93,7%.

Efnahagur:

- Útlán jukust um 1,4% frá áramótum, eða um 25,8 milljarða króna. Útlán til einstaklinga jukust um 3,4 milljarða króna. Útlán til fyrirtækja jukust um 16,2 milljarða frá áramótum en vegna gengisáhrifa að fjárhæð 6 milljarðar króna er heildaraukningin 22,2 milljarðar króna.
- Innlán jukust um 2,7% frá áramótum, eða um 33,3 milljarða króna. Innstæður á sparireikningum í appi hafa aukist um 5,9% frá áramótum.
- Bankinn fylgist náið með og stýrir lausafjárahættu sinni í heild, í erlendum myntum og í íslenskum krónum. Lausafjærhlutfall bankans var 203% í lok 1F 2026, samanborið við 221% í lok 1F 2025.

Lykiltölur samstæðunnar

REKSTUR	1F 2026	1F 2025	Breyting	Breyting%		2025	2024
Fjárhæðir í milljónum króna							
Hagnaður tímabilsins	11.177	7.940	3.237	40,8%		38.015	37.508
Hreinar vaxtatekjur	20.611	14.800	5.811	39,3%		62.087	57.197
Hreinar þjónustutekjur	3.247	3.004	243	8,1%		12.561	11.405
Afkoma af váttryggingasamningum	540	270	270	100,0%		1.748	
Aðrar rekstrartekjur	(343)	1.086	(1.429)	(131,6%)		7.815	11.101
Rekstrartekjur	24.055	19.160	4.895	25,5%		84.211	79.703
Laun og launatengd gjöld	(4.927)	(4.465)	(462)	10,3%		(18.100)	(16.534)
Annar rekstrarkostnaður	(2.846)	(3.068)	222	(7,2%)		(11.163)	(10.202)
Rekstrargjöld	(8.470)	(8.204)	(266)	3,2%		(32.002)	(29.333)
EFNAHAGUR	31.3.2026	31.12.2025	Breyting	Breyting%			
Heildareignir	2.335.310	2.324.939	10.371	0,4%			
Útlán til viðskiptavina	1.910.089	1.884.305	25.784	1,4%			
Innlán frá viðskiptavinum	1.282.584	1.249.306	33.278	2,7%			
Eigið fé	319.940	343.773	-23.833	-6,9%			
KENNITÖLUR	1F 2026	1F 2025				31.12.2025	31.12.2024
Arðsemi eigin fjár eftir skatta	13,5%	10,0%				11,6%	12,1%
Vaxtamunur í hlutfalli af meðalstöðu eigna	3,5%	2,7%				2,7%	2,7%
Rekstrarkostnaður í hlutfalli af meðalstöðu eigna	1,3%	1,4%				1,3%	1,3%
Kostnaður sem hlutfall af tekjum (K/T)*	30,3%	38,7%				34,3%	32,4%
	31.3.2026	31.3.2025				31.12.2025	31.12.2024
Eiginfjárlutfall alls	24,8%	23,6%				24,8%	24,3%
Samtals MREL fjármögun	39,8%	38,1%				40,5%	38,2%
Samtals undirskipuð MREL fjármögnun	27,4%	26,3%				27,6%	25,5%
Fjármögnunarþekja erlendra mynta	159%	161%				163%	143%
Heildarlausafjárþekja	203%	221%				180%	164%
Lausafjárþekja erlendra mynta EUR	593%	1197%				1386%	951%
Vandræðalán	1,0%	1,1%				0,8%	1,1%
Meðalstöðugildi	942	861				917	811
Stöðugildi í lok tímabils	943	926				930	822

*K/T = Rekstrargjöld alls/(Hreinar rekstrartekjur – virðisbreytingar útlána).

Fjárhagsdagatal Landsbankans

- 2F 2026 23. júlí 2026
- 3F 2026 22. október 2026
- Ársuppgjör 2026 4. febrúar 2027